

A 1727/vækst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um aðild að stéttarfélögum

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær ræði sín á milli hvernig Norðurlöndin geta stuðlað að bættu skipulagi vinnumarkaðarins, meðal annars þróað áfram módel þar sem jafnvægi ríkir í þríhliða samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Bakgrunnur

Aðild að stéttarfélögum er ein grunnstoð norræna vinnumarkaðsmódelisins og forsenda fyrir öflugum vinnumarkaði á Norðurlöndum.

Áratugum saman hefur þótt mikilvægt að norrænt launafólk eigi aðild að stéttarfélagum sem bundin eru kjarasamningum sem verkalýðshreyfingin á stóran þátt í. Stéttarfélög launafólks gæta hagsmuna þess með því að semja við atvinnurekendur um kjör og undirrita kjarasamninga.

Félagsmönnum fækkar

Kannanir benda því miður til þess að dregið hafi úr aðild að stéttarfélögum á síðari árum og að margt launafólk velji að segja sig úr stéttarfélögum. Þróun þessi er einkum áberandi í tilteknum starfsgreinum en skýringarnar eru m.a. þær að mikið er um tímabundnar ráðningar, að leiga á erlendu vinnuafli er umfangsmikil og að atvinnuleysi hefur aukist.

Minnkandi aðild að stéttarfélögum getur orðið þess valdandi að samningsstyrkur launafólks gagnvart atvinnurekendum minnki og að lokum standi launafólk uppi án málsvara á vinnumarkaði. Afleiðingarnar geta orðið einstaklingsbundnir samningar, léleg laun og engin eða mjög takmörkuð réttindi. Þá getur fækkun félagsmanna orðið til þess að stéttarfélögin minnki það mikið að atvinnurekendur missi áhugann á að semja við þau.



Jafnvægi í þríhliða samstarfi

Mikil gróska í efnahagsmálum og aukin afköst vinnuaflsins allt frá 8. áratug síðustu aldar eru helstur ástæður þeirrar velmegunar sem ríkir á Norðurlöndum, þar sem m.a. launasetning, endurdreifing skattkerfisins og félagslegar tilfærslur hafa gert það að verkum að launamunur er mun minni á Norðurlöndum en víðast hvar annars staðar í Evrópu.

Minnkandi aðild að stéttarfélögum á síðari árum, ásamt auknu atvinnuleysi og samkeppni er okkur áminning um að Norðurlöndin verða að standa saman að því að bæta skipulag á vinnumarkaði og koma í veg fyrir að þríhliða samstarf stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins missi mátt sinn. Norræna vinnumarkaðsmódelið ber að þróa og það á að tryggja áfram góð lífskjör almennings á Norðurlöndum.

Norðurlandaráð vill efla samstarf aðila vinnumarkaðarins til að tryggja sem best mannsæmandi vinnumarkað á Norðurlöndum. Jafnframt er mikilvægt að jafnvægi ríki milli aðila vinnumarkaðarins og að ekki eingöngu stórsamtök atvinnurekenda taki þátt í slíku samráði heldur einnig fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Norðurlandaráð óskar eftir því að málið verði skoðað í tengslum við nýja samstarfsáætlun um vinnumál (2018–2021) og framkvæmd hennar.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndarálitnið byggir á þingmannatillögu frá flokkahópi jafnaðarmanna. Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin afgreiddi tillöguna á fundi sínum í Reykjavík 20. september 2017 og studdi tillöguna með smávægilegum breytingum sem fram koma í nefndarálitinu. Breytingarnar fjalla um að lítil og meðalstór fyrirtæki komi einnig að þríhliða samráði og að jafnvægi skuli ríkja milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þá vill nefndin undirstrika að tekið verði tillit til þeirra atriða sem fram koma í nefndarálitinu þegar Norræna ráðherranefndin og ríkisstjórnirnar hrinda í framkvæmd nýrri samstarfsáætlun um vinnumál 2018–2022. Tillöguliðurinn er óbreyttur frá því sem stóð í upprunalegri tillögu flokkahóps jafnaðarmanna.

Helsinki, 31. október 2017

Arto Pirttilahti (cent)
Håkan Svenneling (V)
Hanne Dyveke Søttar (FrP)
Katri Kulmuni (cent)
Lena Asplund (M)
Mikael Staffas (Lib)
Mikkel Dencker (DF)
Nils Aage Jørgstad (H)

Orla Hav (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Marie Grung (S)
Solfrid Lerbekkk (SV)
Stein Erik Lauvås (S)
Veera Ruoho (saml)
Ville Skinneri (S)